

Ísafirði 20. febrúar 2019

**Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík**

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um endurgreiðslu til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda. Þingskjal 136.

Héraðssamband Vestfirðinga hefur kynnt sér frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda og styður það af heilum hug.

Aðstaða til íþróttaiðkunar er eitt af því sem fólk horfir til þegar það velur sér búsetu. Gríðarlega mikilvægt að uppbygging verði um allt land og þetta frumvarp mun léttu mikið íþróttafélögum úti á landi að byggja upp og bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar.

Með auknum frítíma fólks hefur þátttaka í ýmis konar félagsstarfi stóraukist og á það ekki síst við íþróttir og hreyfingu. Mikilvægt er að uppbygging aðstöðu haldist í hendur við aukinn áhuga á hreyfingu. Eldri borgarar eru virkari hópur en áður og eru öflugir þátttakendur í hinum ýmsu greinum íþróttar. Með samþykkt þessa frumvarps er íþróttafélögum gert auðveldara að standast kröfur um nútíma aðbúnað fyrir iðkendur á öllum aldri sem er lykill í að uppfylla lýðheilsuþörf og viðhalda forvarnargildi íþróttar.

Virðingarfyllt

Fyrir hönd Héraðssambands Vestfirðinga
Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir framkvæmdastjóri